

Kópavogur 22.5.2023

Ásdís Kristjánsdóttir
Bæjarstjóri Kópavogsbæjar
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Efni: Stúkubygging við Kórinn fyrir HK

Í ljósi greinagerðar og sviðsmynda sem lagðar hafa verið fram og kynntar um stúkubyggingu við Kórinn og nánasta umhverfi óskar aðalstjórn HK eftir samtali við Kópavogsbæ um næstu skref. Stjórn HK leggur ríka áherslu að hraða ferlinu eins og kostur er m.a. hvort ekki verði farið í deiliskipulag á árinu til að tryggja byggingarreit fyrir stúkubygginguna. Þessi byggingareitur er ekki inn í núverandi deiliskipulagi. Jafnframt hvort ekki verði farið í forhönnun samhliða deiliskipulagsvinnunni með það að markmiði að sú vinna verði fullkláruð í árslok.

HK telur afar brýnt að ekki verði tafir á þeirri vinnu sem framundan er og því óskar undirritaður fyrir hönd aðalstjórnar eftir fundi með fulltrúum frá bænum sem að málinu koma fyrir lok maí til að ræða næstu skref.

Fyrir hönd aðalstjórnar HK

Pétur Örn Magnússon

Formaður HK

Afrit sent til:

Orri Vignir Hlöðversson, formaður bæjarráðs Kópavogsbæjar

Pálmi Þór Mátsson, bæjarritari Kópavogsbæjar